



Frásögn af fundi Bjarna Benediktssonar og Mr. Butrick 26. ágúst.

Bjarni Benediktsson – Stjórn­mál – Utanríkisráð­herra – Utanríkis­mál – Mr Butrick – Bandarík­jastjórn –
Keflavík­urflug­völlur – Varnarmál

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórn­málamaðurinn
Askja 2-12, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

F r á s ö g n .

Fimmtudaginn 26. ágúst kom Mr. Butrick á skrifstofu mína, þar á meðal til að ræða um afstöðu Íslendinga til óskar Bandaríkjamanna um nýja skipan á greiðslum til Sameinuðu þjóðanna. Er nann nafði reifað það mál og ég svarað, að auðvitað gæti ég ekki um það sagt að svo stöddu, en mér sýndist málaleitan Bandaríkjanna ekki óeðlileg, spurði Mr. Butrick að því, hvort ég gæti sagt sér nokkuð um málefni það, sem ósvarað væri af okkar hendi. Vissi ég þegar, að hann átti við lengingu flugbrautanna á Keflavíkurflugvelli, og svaraði því til, að ég hefði ekki talið heppilegt að þvinga fram svar ríkisstjórnarinnar um það málefni fyrr en menn hefðu til hlítar áttað sig á því. Það hefðu menn enn ekki gert.

Mr. Butrick gat þess, að hann hefði rætt um málið við forsætisráðnerra s.l. mánudag og þá sagt nonum frá því, að mikilvægt væri, að lengingin ætti sér stað til þess, að hinar þungu vélar yrðu síður fyrir slysum, ef eitthvert óhapp yrði þegar vélarnar tækju sig á loft. Segja mætti að núverandi lengd brautanna væri viðhlítandi, ef ekkert óhapp henti en bráð hætti væri, ef eitthvað bilaði eða yrði að. Þá þyrftu vélarnar svigrúm til að taka sig á loft. Hinu var nann sammála, að þó að málið væri aðkallandi mjög, þá væri ekki rétt að sækja það af slíku ofurkappi að þvinga fram svar fyrr en menn teldu sig reiðubúna til að taka afstöðu.

Ég þakkaði nonum fyrir skilning hans á því og jafnframt útskýringar hans á lengingu brautanna en hins yrði einnig að gæta, að aðrar skýringar hefðu einnig komið fram. M.a. hefði að sögn nýlega birzt í Harpers Magazine grein um hugsanlegt stríð milli Bandaríkjamanna og Rússa og í nenni hefði verið sagt, að Bandaríkjamenn væru ekki búnir til ófriðar fyrr en lengdar hafi verið

flugbrautir á flugvöllum bæði í Bretlandi og á Íslandi. Ég taldi, að slík ummæli væri eins óheppileg og framast gæti verið unnt. Þau væru bein vopn í höndum fjandmanna Bandaríkjamanna, sem beitt yrði gegn þeim er á Íslandi vildi nafa við Bandaríkin vinsamleg og eðlileg samskipti. Slík ummæli virtist mér torvelða það, að unnt væri að verða við óskum Bandaríkjamanna, þó að menn að öðru leyti hefðu löngun til að verða við þeim vegna þess, að þeir skildu nauðsyn þess, að auka öryggi Keflavíkurflugvallar sem allra mest. Þessi ummæli mundi vera á móta óheppileg eins og ummælin, sem fallið hefðu á Bandaríkjaþingi í vor um þetta mál. Mér væri að vísu ljóst, að Bandaríkjastjórn gæti ekki við þetta ráðið, en afleiðingar væru engu síður þær sömu.

Mr. Butrick kvað ekki mikið upp úr slíku leggjandi. Rit og málfrelsi ríkti í Bandaríkjunum og þó að þar væri margt óviturlegt orð sagt, væri það svipað og á Íslandi að nluþfalli. Margt fásinnuorðið væri hvarvegna skrifað og ekki bæri að setja fyrir sig eina grein. Að öðru leyti vontaði hann, að málið yrði áfram vinsamlega atnugað og hann fengi svar svo fljótt sem verða mætti.